Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 84

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Brf. 2/12 '11

Bg. 24

Með brjefi þessu leifum við undirskrifaðir okkur, að biðja hina heyðruðu byggingarnefnd að veita okkur leifi til, að flitja hjall okkar sem stendur niður við sjóinn, heim að húsinu okkar.

Virðingarfyllst
Ananaustum 20/11 1911
Björn Jónsson Kristinn Jónsson

B. Rvk. 782/1911 Bg 24.

Til Byggingarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirritaður leyfi mér hér með að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur að hún veiti mér lóðarspildu að norðan verðu við hús mitt, No 64. við Vesturgötu, að stærð 128. ferálnir, í staðinn fyrir lóðarspildu þá sem ég á fyrir sunnan hús mitt af nefndri stærð eins og meðfylgjandi uppdráttur sýnir. Þessi lóðarspilda mun öll verða tekin undir vesturgötu þegar hún verður fram lengd og ég hef aldrei getað haft neins afnot af þessum bletti vegna ágangs annara en girði ég hana af eins og mér mun vera heimilt missir þau hús sem fyrir sunnan liggja aðgang að þeim stíg sem nú er á framhald af Vesturgötu. Blettur sá sem ég óska eftir að fá í skiftum er lítill hluti af efra Svarðs-túni svokölluðu.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 4/9. 0ll

Magnús [illegible]

Bjóðið að selja spilduna fyrir 60 aura.

B. Rvk. 734/1911 – Bj. 27.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6/11

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst, að fara þess á leit við hina háttvirtu stjórn Reykjavíkur bæar, að hún vilji selja mjer lóðarblett er liggur norðurfrá húseign minni 50 álnir á annan veg og 7 álnir á hinn, eða 350 fer álnir, fyrir sanngjarnt verð. Bletturinn er óræktaður og ógirt grjótholt.

Rvík 4/11-1911

Virðingarfyllst

Hans Hannesson

Til

Borgarstjórans í Reykjavík

B. R.K. 733/1911 Bg 24.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Rvík 28 ág 1911

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leið og jeg hjermeð sendi uppdrætti af lóðunum no 14 og 16. í Vesturgötu, sem jeg með afsalsbrjefinu, dags. í dag er orðinn eigandi að, leyfi jeg mjer að beiðast samþykkis og útmælingar hinnar háttv. byggingarnefndar til að

1. setja opið skýli fyrir vagna milli húseignanna eins og sýnt er á uppdættinum. Skýlið á að vera þakið bárujárni, opið suður úr, en bárujárnsgafl að norðanverðu.
2. gjöra hesthús fyrir tvo hesta norðan við húsið no 16 (Grindalshús) austan við skúrinn 5 x 5 ál að stærð með eldvarnarvegg við norðurhlið, er veit að lóð J. Schou steinhöggvara

Mjer kæmi mjög vel að fá svo fljóta afgreiðslu á þessu máli sem unnt er.

Reykjavík 1 desember 1911
Virðingarfyllst
Einar Árnason

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 735/1911 Brj 24

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bræðraborgarstíg 17 1/12 1911

Jeg undirskrifaður bið hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar um leifi til að byggja vinnuskúr á stærð 14×8 álnir úr steinsteypu á lóð minni.
og óska jeg að fá samþykt á næsta fundi.

Með virðingu

Jóhann S. Hjörleifsson

B. Rvk. 736/1911 Br. 24.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirrituð, leyfi mjer virðingarfyllst, að fara þess á leit við hina heiðruðu Byggingarnefnd Reykjavíkurbæjar, að henni mætti þóknast, að veita mjer leyfi til, að flytja Salerni það, er áður hefur verið innanhúss í húsi mínu, (í inngangi til Eldhúss) að austurgafli hússins.

Ennfremur leyfi jeg mjer, að fara þess á leit, að mega hafa Salernin tvö.

Breytingar þessar eru þannig tilkomnar, að Heilbrygðisnefnd Reykjavíkur hefur óskað þeirra og álitið þær nauðsynlegar.

Reykjavík, Laugaveg 58 b. 23. nóv. 1911.

Virðingarfyllst

Sigríður Jónsdóttir

B. Bók. 737/1911. Bg 24.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Austurbakka. 24/11 – 11

Hjer með tilkynni jeg undirritaður Bygginganefnd Reykjavíkur að jeg ætla að gjöra salerni við húsið Austurbakka

Reykjavík 24/11-11

Grímur Kristinn Árnason.
trjesmiður.

B. Rek. 738/1411. Bj. 24.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brautarholti Rvík 17/11 1911

Hjer með leyfi jeg mjer að beiðast leyfis að mega byggja salerni við hús mitt í Brautarholti á Bráðræðisholti hjer í bænum, Salerni þetta á að vera að grunnmáli 1½ + 1½ al. með venjulegri hæð og skúrþaki

Virðingarfyllst

Jónas Helgason

Til byggingarnefndarinnar
í Reykjavík

B. Rvk. 739/1911 Bygg. 24.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til byggingarnefndarinnar í

Reykjavík.

Mjer undirrituðum Berent Sveinss. á Steinum, á Bráðræðisholti hjer í Reykjavík, var af heilbrygðis-fulltrúa bæjarins Árna Einarsyni til kynt, að jeg yrði samkvæmt lögum bæjarins, að vera búin að byggja Salerni, fyrir mitt heimili, innan tveggja daga með öðrum orðum á tíma bilinu frá. 17 – 20. þ. m.

Samkvæmt þessari áskorun, leyfi jeg mjer að fara þess, á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd, bæjarins, að hún nú þegar leyfi mjer að byggja Salerni, við húsmitt, á minni lóð, svo eg geti komið því nú þegar í

B.Ark. 240/1911 - Br. 24.

framkvæmd, án þess að falla í sekt.

Reykjavík 17/11 – 1911

Berent Sveinsson

Til

Byggingarnefndarinnar

í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð leyfi mjer, að byðja hina háttvirtu byggingar-nefnd þessa bæjar, að leyfa mjer, að reisa „Salerni" við hús mitt „Mýri" við Nýlendugötu.

Virðingarfylst.

Reykjavík „Mýri" 17-11-11

Jósefína Jónasdóttir

Til Byggingarnefndarinnar
í Reykjavík

B. Rvk. 24/11 [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Háholti þann 18 Nóvbr. 1911

Með línum þessum leifi jeg mjer, að biðja hina heiðruðu Byggingarnefnd, að veita mjer leifi til að byggja Vanhús.
þeg ætla að hafa það, að vestanverðu við skúr, sem er við húsið mitt, og láta það ganga út í kálgarðinn.

Virðingarfyllst

Einar Einarsson

Til Byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rvk 7/3/11 ... Bg 23.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 18/11 – 1911.

Samkvæmt skipun heilbrigðisfull-trúa Reykjavíkur til mín um að jeg láti gjöra salerni við bæ minn, fer jeg þess á leit við hina heiðruðu byggingarnefnd að hún veiti mjer leyfi til þess.

Virðingarfyllst.

Sigríður Erlendsdóttir.
Litla-Steinsholti
við Framnesveg.

Br. Rvk. 742/1911 Bg. 24.

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Oddur Gíslason
yfirrjettarmálaflutningsmaður
Reykjavík.

30-11-11

Jeg leyfi mjer hjermeð að sækja til hinnar háttvirtu byggingarnefndar um leyfi til að mega byggja vanhús í garðinum hjá húsinu nr. 58 við Laugaveg hjer í bænum. Teikningu læt jeg fylgja hjermeð og verður hið fyrirhugaða hús nr 2 (á teikningunni) áfast við nr 1 sem nú er fyrir.

Þar sem jeg eigi þarf að fá teikninguna endursenda, fylgir hún eigi í tvennu lagi.

Með virðingu
Oddur Gíslason

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Nefnd. 744/1911 Bn 24.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður bið hjermeð hina háttvirtu byggingarnefnd að leyfa mjer að byggja vatnhús á lóð minni og jafnframt að mæla mjer út undir það við fyrsta tækifæri

Reykjavík 18/11-11

Þorsteinn Einarsson

Akurgerði.

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rok 745:/ Hm. Nr 24.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 24/11 1911

Hjer með leifi jeg mjer
Herdingar fylst. að fara þess
á leit við hina háttvirtu
Bæjar Stjórn eða bygginga
nefnd að veita mjer leifi
til að láta byggja Skúrinn
við hús mitt við
Vesturgötu no 64
að Stærð 1 1/2 + 1 1/2

Virðingar fylst
Magnús Einarsson

til
Bæjar Stjórnarinnar
í Reykjavik

B. Rek. 146/1911. Des 24.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landsbanki Íslands

Telegramadr.: Landsbanki.
Telefon 65.

Reykjavík 22 nóvemb. 1911

Herra bæjarverkfræðingur Benidikt Jónasson
Reykjavík

Hér með leyfi eg mér að biðja yður að tiltaka við fyrstu hentugleika, hvar megi setja niður salerni við „Blikksmiðjuna" á Ægisgötu, og við bæinn nr 12 á Holtsgötu.

Virðingarfyllst
[signature]
(Umboðsm. Landsbankans.)

B. Rvk. 747/1911 - Br. 24.

Til
herra bæjarverkfræðings B. Jónassonar
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eftirrit.

Ár 1911 laugardaginn 2. des. kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar fram svo sem hér segir:

x 1. Frestað að gera tillögu um að selja h/f Alliance lóðarhorn vestan við lóð þeirra Ánanaustablett. Einnig frestað að leyfa sama félagi byggingu tveggja fiskihúsa á blettinum.

x 2. Björn Jónsson og Kristinn Jónsson í Ánanaustum biðja um leyfi til að mega flytja hjall þeirra frá sjó heim að húsi þeirra. Það var leyft.

x 3. Sigríði Jónsdóttur Laugaveg 58B, Grími Kr. Árnasyni trésmið Austurbakka, Jónasi Helgasyni Brunnholti, Bernh. Sveinssyni á Steinum í Bráðræðisholti, Jósefínu Jónatansdóttur Mýri við Nýlendug., Sigríði Erlendsdóttur Litla Steinsholti við Framnesveg, Einari Einarssyni í Háholti, Oddi Pálssyni [illegible] (v. hús hans Laug. 58), Þorst. Einarssyni Ásgerði, Magn. Einarssyni Vest. 64 og Landsbankanum, eiganda Blikksmiðjunnar við Ægisgötu og bæjarins Holtsg. er leyft að gera salerni við húseignir sínar, þar sem ofan eru nefndir við nöfn þeirra. Borgarstjóri hefir þegar áður veitt leyfi þessi upp á væntanl. samþykki byggingarnefndar, en byggingarfulltrúi segir fyrir um stöðu og gerð salernanna.

x 4. Hans Hannesson póstur vill fá til kaups lóðarræmu norðan við lóð sína í Skólavörðuholti: 7 X 50 = 350 ferálnir og leggur byggingarnefndin með sölunni, en þó ekki undir 50 aura verði í feralin.

x 5. Magnús Einarsson Vesturg. 64 vill fá lóðarspildu 128 ferálnir að stærð norðan við hús sitt gegn því að láta í staðinn jafnstóra spildu, sem hann á sunnan við húsið og segist ekki geta notað vegna ágangs og ekki girt vegna þess, að aðgangur að húsinu sunnan frá halli Vesturgötu tekist þá af. Spilda þessi sunnan hússins [illegible] og fáanleg fyrir 60 aura feralin og er byggingarnefndin meðmælt þeim kaupum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

x6. Einari Árnasyni kaupm. leyft að gera í lóð sinni hans Vesturg. 14 & 16 1°) opið skýli fyrir vagna milli húsanna (Gröndalshúss og bakaríspakkhússins Nr 14) þakið bárujárni, opið suður úr og með eldvarnargafli að norðan, 2°) hesthús fyrir 2 hesta 5°x5° að stærð norðan við Gröndalshús og austan við skúrinn í því, með eldvarnarvegg á norðurhlið, að lóð J. Schou. Leyfi heilbrigðisnefndar áskilið til hesthúsbyggingarinnar.

X7. Jóhanni S. Hjörleifssyni leyft að gera smíðahús úr steinsteypu 8½x14 álna á lóð hans Bræðraborgarst. 17.

8. Tilkynnt af borgarstjóra bréf til hans frá stjórnarráði Íslands um endurnýjun skipunar byggingarnefndar.

Fleiri mál ekki til meðferðar.

Á fund vantaði Knud Zimsen. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Jón Jensson. Sv. Guðmundsson. Bjarnason. Rögnv. Ólafsson.

---

Ár 1911 3. des. kom byggingarnefndin saman og gekk á eftirgreinda staði:

1. á blett þann, er h/f. Alliance hefir falað til kaups af bænum og liggur vestan við Ánanaustablett (Sbr. fundarg. 2. desemb. í ár 1. atr.). Kom það í ljós, að blettur þessi er lóðarhorn er notað sem uppfátur og viðsjál ekki mega skerða það neitt. Er nefndin því málfallin sölu á greindum lóðarbletti.

2. á lóðarblett þann, er Magnús Einarsson Vesturg. 64 vill selja bænum (Sbr. síðasta fundarg. 5. atr.) og heldur nefndin við ályktun sína á síðasta fundi.

Alla á fundi nema Knud Zimsen. Fundi slitið.

Páll Einarsson

Jón Jensson. Bjarnason. Rögnv. Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur